

Fosskot	8 einingar
Neðri-Núpur (syðri)	6 —
Neðri-Núpur (ytri)	25 —
Torfastaðir	6 —
Haugur	12 —
Litli-Hvammur	21 —
Litla-Tunga	84 —
Giljaland	7 —
Skeggjastaðir	25 —
Dalgeirsstaðir	17 —
Lækjarbær	6 —
Afréttarlandið Húsheiði	1 —
Húkur	19 —
Kollufoss	26 —
Huppahlið	22 —
Brekkulækur	137 —
Króksstaðir	52 —
Staðarbakki	48 —
Melstaður	50 —
Barð	43 —
Sandar	60 —

Samtals 1270 einingar

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. ágúst 1963.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

SAMÞYKKT

fyrir Fiskiræktarfélag Langár.

1. gr.

Félagið heitir Fiskiræktarfélag Langár. Heimili þess og varnarþing er Mýrasýsla.

2. gr.

Verkefni félagsins eru að vinna að fiskirækt með þeim ráðum, sem tiltæk eru á hverjum tíma.

3. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Langá og Urriðaa í Mýrasýslu, en þær eru þessar, sem eiga land að Langá: Grenjar, Hvítsstaðir, Háhóll, Langárfoss, Leirulækur, og Lambastaðir í Álftaneshreppi, Rauðanes, Ánabrekka, (ásamt Laufási og Álfgerðarholti), Jarðlangsstaðir, Stangarholt og Litlafjall í Borgarhreppi og af-
réttarlönd frá Álftaneshreppi og Borgarhreppi, lönd að Urriðaa auk sumra fyrr-

greindra jarða: Smiðjuhóll, Urriðaa, Valshamar, Árbær, Álftártungukot og Grimsstaðir.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður, er skal kosinn sér og tveir meðstjórnendur og skulu þeir allir kosnir án tilnefningar. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig, að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Allar framkvæmdir skal bera undir félagsfund.

6. gr.

Aðalfund skal halda í apríl eða maí ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári, svo og um áætluð útgjöld. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá og bréf.

8. gr.

Framkvæmdir hvorrar árinna fyrir sig skal vera þeirra sérmál, án íhlutunar hinna jarðeigenda.

9. gr.

Kostnaði af starfsemi félagsins skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt gjaldskrá.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. ágúst 1963.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.